LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðsins „sambærilegt“ í 1. málsl. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laganna komi: eigi lægra.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 28. gr. laganna:

a. 2. málsl. 5. tölul. falli brott.
b. 7. tölul. orðist svo: Persónuafsláttur, sjómannaafsláttur, barnabætur og húsnæðisbætur sem um ræðir í VI. kafla laga þessara.

3. gr.

A-liður 1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

1. Útgjöld vegna móttekinna ökutækjastyrkja og dagpeninga sem sannað er að séu kostnaður vegna ferða á vegum atvinnurekenda og í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.
2. Launatekjur sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum enda sé kveðið á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að.
3. Tekjur skv. 4. tölul. A-liðs 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða ákvörðun fjármálaráðherra, sbr. ákvæði 120. gr.

4. gr.

C-, D- og E-liðir 1. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 30. gr. falli niður.

5. gr.

2. og 3. málsl. 2. mgr. 51. gr. falli niður.

6. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna orðast svo:

Ef maður, sem um ræðir í 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr., telur sér til tekna sem reiknað endurgjald lægri fjárhæð en nemur reiknuðu endurgjaldi, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og 2. tölul. 5. gr. sömu laga, sbr. og 1. mgr. 6. gr. þeirra, eða lægri fjárhæð en nemur ákvörðun skattstjóra skv. 2. mgr. 6. gr. sömu laga, án þess að nauðsynlegar skýringar fylgi framtali að mati skattstjóra, skal skattstjóri hækka reiknað endurgjald til samræmis við reiknað endurgjald manns á staðgreiðsluári eða í samræmi við fyrri ákvörðun sína, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, og tilkynna gjaldanda þar um. Skattstjóri skal við ákvörðun sína samkvæmt þessari grein gæta aðstöðu

viðkomandi manns, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Við ákvörðun reiknaðs endurgjalds elli- eða örorkulífeyrisþega samkvæmt þessari grein skal þess gætt að tap myndist ekki við það á rekstrinum. Við ákvörðunina skal taka tillit til launatekna frá öðrum. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má aldrei mynda tap sem er meira en nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 38. gr. og gjaldfærslu skv. 53. gr.

7. gr.

1. og 2. tölul. 1. mgr. 63. gr. laganna orðast svo:

1. Hvoru hjóna um sig ber að telja fram tekjur sínar skv. A-lið 7. gr. Frá þessum tekjum skal síðan draga frádrátt skv. A-lið 1. mgr. 30. gr.
2. Tekjur hjóna skv. C-lið 7. gr. skal leggja saman og telja til tekna hjá því hjóna sem hærri hefur hreinar tekjur skv. 1. tölul. þessarar greinar. Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign. Frá tekjum þess hjóna skal síðan draga frádrátt skv. B-lið 1. mgr. 30. gr.

8. gr.

2. mgr. 65. gr. laganna orðast svo:

Þær tekjur barns, sem um ræðir í 1. tölul. A-liðs 7. gr. að frádregnum frádrætti skv. 1. tölul. A-liðs 1. mgr. 30. gr., skulu þó skattlagðar sérstaklega hjá því í samræmi við ákvæði 2. mgr. 67. gr.

9. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur þeirra manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tölul. 62. gr. sem hér segir:

1. Af tekjuskattsstofni reiknast 28,5%.
2. Frá reiknaðri fjárhæð skv. 1. tölul. dregst persónuafsláttur skv. A-lið 68. gr.
3. Frá reiknaðri fjárhæð skv. 1. tölul. dregst auk persónuafsláttar skv. 2. tölul. sjómannaafsláttur skv. B-lið 68. gr.

Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 4% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

10. gr.

68. gr. laganna orðast svo:

A

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 138 000 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður tekjuskattur af skattstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða útsvar hans á álagningarárinu. Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. og skulu þá 80% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar makans bætast við persónuafslátt hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á álagningarárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

Ráðherra skal í reglugerð setja ákvæði um ráðstöfun persónuafsláttar launamanna á móti staðgreiðslu á tekjuári samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Í reglugerðinni skal og kveðið á um hlutfallslega skiptingu persónuafsláttar sem draga skal frá staðgreiðslu á hverju greiðslutímabili. Persónuafsláttur er ekki millifæranlegur á milli mánaða á staðgreiðsluári.

B

Menn, sem lögskráðir eru á íslensk skip, skulu njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, er veittur skal frá tekjuskatti. Sjómannaafsláttur skal vera 200 kr. fyrir hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf.

Í stað þess að draga sjómannaafslátt frá álögðum tekjuskatti vegna tekjuársins getur fjármálaráðherra ákveðið að ríkissjóður greiði þeim sem rétt eiga á sjómannaafslætti fjárhæð ársfjórðungslega á tekjuárinu er svarar til áunnins sjómannaafsláttar samkvæmt upplýsingum frá lögskráningarstjóra. Greiðsla samkvæmt þessari málsgrein skal koma til frádráttar sjómannaafslætti við álagningu tekjuskatts. Nánari reglur um framkvæmd samkvæmt þessum staflið, svo sem um skilyrði fyrir útborgun, skilagreinar og vottorð frá lögskráningarstjóra, skuldajöfnun á móti vangoldnum opinberum gjöldum o.fl., skulu settar í reglugerð.

Hlutaráðnir sjómenn og landmenn, sem ekki eru lögskráðir, skulu njóta sjómannaafsláttar. Þó skulu þeir ekki njóta greiðslna sem um ræðir í 2. mgr. þessa stafliðs.

11. gr.

69. gr. laganna orðast svo:

A

Barnabætur.

1. Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 12 625 kr. með fyrsta barni en 18 910 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 12 625 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ávallt vera tvöfalt hærri en að framan greinir, þó að lágmarki 37 820 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á tekjuárinu vegna barnsins.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld fyrri ára.

Framfærandi samkvæmt þessari grein telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Fyrir barn, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu, skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabóta og skuldajöfnun þeirra á móti vangoldnum opinberum gjöldum, skulu settar í reglugerð.

2. Vegna barna, sem um ræðir í 1. tölul., skal ríkissjóður að lokinni álagningu greiða framfæranda barns sérstakan barnabótaauka enda séu skilyrði 3. og 4. mgr. þessa töluliðs uppfyllt.

Sérstakur barnabótaauki skal óskertur nema 25 250 kr.

Barnabótaauki skv. 2. mgr. vegna barna, sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr., skal skerðast um 7% af því sem samanlagður tekjuskattsstofn hjónanna fer fram úr 505 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður tekjuskattsstofn hjóna nær 865 714 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 7% af því sem tekjuskattsstofn foreldris fer fram úr 344 250 kr. uns hann fellur niður er tekjuskattsstofn foreldris nær 704 964 kr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 1 568 250 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 2 620 333 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 2 091 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 3 143 087 kr.

Barnabótaauki greiðist til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur opinberra gjalda í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Annarra skatta eða gjalda en hér eru tilgreind eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Að öðru leyti skulu ákvæði 4.–7. mgr. 1. tölul. þessarar greinar gilda um barnabótaauka.

B

Húsnæðisbætur.

Beri maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr., vaxtakostnað, sbr. 51. gr., vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota á hann rétt á sérstökum bótum, húsnæðisbótum, enda séu öll eftirgreind skilyrði uppfyllt:

1. Um sé að ræða fyrstu íbúð sem viðkomandi eignast.
2. Íbúðin sé byggð eða keypt til eigin nota.
3. Íbúðin sé lánshæf samkvæmt reglum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Húsnæðisbætur skulu vera 55 000 kr. á ári vegna hverrar íbúðar.

Réttur til húsnæðisbóta skv. 1. mgr. stofnast á því ári þegar bygging íbúðarhúsnæðis er hafin eða það keypt, sé um notað íbúðarhúsnæði að ræða, og varir í sex ár frá og með því ári.

Húsnæðisbætur skulu bundnar við eignarhald bótaþega á viðkomandi íbúð. Selji bótaþegi íbúð, sem húsnæðisbætur miðast við, innan sex ára frá því tímamarki er greinir í 3. mgr. án þess að hefja byggingu eða festa kaup á öðru íbúðarhúsnæði falla bótagreiðslur til hans niður. Ónýttur bótaréttur skal þá geymast þar til hann hefur byggingu eða kaupir íbúðarhúsnæði að nýju.

Húsnæðisbætur skulu skiptast til helminga á milli hjóna sem skattlögð eru skv. 63. gr. og sambýlisfólks sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. og að jöfnu á milli þeirra einstaklinga sem eru sameigendur íbúðarhúsnæðis sem húsnæðisbætur miðast við.

Húsnæðisbætur skulu greiðast rétthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin ógoldin þinggjöld fyrri ára.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd samkvæmt þessum staflið, svo sem um skilyrði fyrir útborgun húsnæðisbóta, fyrirkomulag útborgana og fjölda þeirra á hverju ári.

12. gr.

69. gr. A, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1986, falli niður.

13. gr.

Í stað „5. tölul.“ í 1. mgr. 70. gr. komi: 2. tölul.

14. gr.

a. Í stað „35%“ í fyrri mgr. 2. tölul. 71. gr. laganna komi: 20%.
b. Í stað „20%“ í síðari mgr. 2. tölul. 71. gr. laganna komi: 13%.

15. gr.

1. mgr. 109. gr. laganna orðast svo:

Skattar álagðir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð og hafa lögreglustjórar á hendi innheimtu þeirra, sbr. þó 2.–4. mgr. þessarar greinar og ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

16. gr.

1.–4. mgr. 110. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur af öðrum tekjum en launatekjum, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar, og eignarskattur hvers gjaldanda skal greiddur á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

Þar til álagning liggur fyrir skal gjaldanda, sem um ræðir í 1. mgr., gert að greiða á hverjum gjalddaga ákveðinn hundraðshluta skatta er honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðinn með reglugerð fyrir hvert ár og skal við ákvörðun hans hafa hliðsjón af tekjubreytingum sem orðið hafa svo og almennu efnahagsástandi. Hjá þeim sem inna af hendi staðgreiðslu skal hundraðshlutinn þó reiknast af mismun álagningar opinberra gjalda og staðgreiðslu, sbr. 35. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Hafi aðrar tekjur gjaldanda en launatekjur á liðnu ári verið mun lægri en á næsta ári þar áður eða ástæður hans hafa með öðrum hætti breyst mjög má lækka mánaðarlega fyrirframgreiðslu samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Á sama hátt má kveða á um að fyrirframgreiðsla, sem ekki nær tilteknu lágmarki, skuli ekki innheimt. Jafnframt er heimilt að takmarka fyrirframgreiðsluskyldu við þá sem ekki ber að inna af hendi staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Álagða skatta, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar auk mismunar sem fram kemur á álagningu tekjuskatts og staðgreiðslu launamanns, sbr. 35. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

17. gr.

2. mgr. 112. gr. laganna orðast svo:

Nú verður ljóst þegar álagningu skatta, annarra en tekjuskatts manna, lýkur eða við endurákvörðun þessara sömu skatta að gjaldandi hefur greitt meira en endanlega álögðum sköttum nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu ríkissjóðs. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma. Sama gildir þegar í ljós kemur við endurákvörðun á tekjuskatti manna að um ofgreiðslu hafi verið að ræða að öðru leyti en því að inneignarvextir reiknast aldrei fyrr en frá 1. júlí á álagningarári.

18. gr.

1. mgr. 113. gr. laganna orðast svo:

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum þessum og gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 73/1980. Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

19. gr.

121. gr. laganna orðast svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. gr. og 69. gr., skulu breytast tvisvar á ári í samræmi við lánskjaravísitölu, sbr. lög nr. 13/1979, sem hér segir:

1. Hinn 1. janúar á staðgreiðsluári skulu þær taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júní og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember næstan á undan staðgreiðsluári.
2. Hinn 1. júlí á staðgreiðsluári skulu þær taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember næstan á undan staðgreiðsluári og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júní á staðgreiðsluári.

Fjárhæðir þær, sem hér um ræðir, skulu breytast í fyrsta sinn hinn 1. desember 1987 í samræmi við mismun sem verður á lánskjaravísitölu sem í gildi er hinn 1. febrúar 1987, þ.e. 1594 stig, og þeirri sem í gildi verður hinn 1. desember 1987.

Mismunur, sem í ljós kemur á álögðum tekjuskatti manna og staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 34. gr. þeirra laga, og stafar af of lágri staðgreiðslu, skal taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júlí á tekjuári og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júlí á álagningarári. Mismunur, sem rætur á að rekja til of hárrar staðgreiðslu, skal á sama hátt taka sömu hlutfallslegri breytingu miðað við sömu tímamörk. Komi í ljós að ofgreiðsla hefur myndast eftir 1. júlí á staðgreiðsluári má miða upphafsdag verðbótaútreiknings við síðara tímamark eftir nánari reglum sem ráðherra setur með reglugerð.

Um innheimtu, dráttarvexti, innheimtuúrræði og lögvernd verðbóta, sem greiða ber skv. 2. mgr., skulu gilda ákvæði XIII. kafla laga þessara eins og um tekjuskatt sé að ræða.

20. gr.

a. Á eftir 121. gr. laganna komi ný grein, 122. gr., er orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 2. og 4. tölul. B-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 78. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1988.

b. 123. gr. laganna falli brott.

c. 122. gr. laganna verði 123. gr.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1988 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Maður, sem við álagningu 1987 nýtur vaxtafrádráttar samkvæmt heimild í 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. í stað fasts frádráttar skv. 2. mgr. 30. gr., skal eiga rétt á sérstökum skattafslætti, vaxtaafslætti, í allt að sex ár talið frá og með árinu 1988, vegna vaxta, sbr. 51. gr., af þeim lánum sem tekin voru á árinu 1987 eða fyrr og að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. eins og það ákvæði hljóðaði fyrir gildistöku laga þessara. Sama gildir um þann sem hóf byggingu eða festi kaup á húsnæði á árunum 1985–1987 en uppfyllir hvorki skilyrði fyrir húsnæðisbótum, sbr. B-lið 69. gr. og ákvæði til bráðabirgða II, né skilyrði 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. fyrir vaxtafrádrætti í stað fasts frádráttar skv. 2. mgr. 30. gr. vegna vaxtakostnaðar við álagningu opinberra gjalda á árinu 1987 og 1988 en mundi njóta ákvæða E-liðs 1. mgr. 30. gr. héldi það gildi sínu á árinu 1988 vegna álagningar 1989.

Vaxtaafsláttur skv. 1. mgr. skal nema 30% af frádráttarbærum vöxtum þegar frá þeim hefur verið dregin fjárhæð er svarar til 7% af tekjuskattsstofni hvers manns. Sé um hjón að ræða skal framangreint hlutfall dragast frá samanlögðum tekjuskattsstofnum þeirra beggja. Frádráttarbærir vextir samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði geta aldrei verið hærri en 292 600 kr. hjá hverjum manni en 585 200 kr. hjá hjónum. Framangreind hámörk vaxtafrádráttar skulu hækka eða lækka í samræmi við skattvísitölu skv. 122. gr.

Um ráðstöfun vaxtaafsláttar og millifærslu milli hjóna skulu ákvæði A-liðs 68. gr. um persónuafslátt gilda eftir því sem við getur átt að öðru leyti en því að ónýttur vaxtaafsláttur flyst á milli hjóna án skerðingar.

Á árinu 1988 skal ónýttur vaxtaafsláttur þó greiðast út að því marki sem hann fer ekki fram úr húsnæðisbótum skv. B-lið 69. gr. Um útborgun vaxtaafsláttar á árinu 1988 fer að öðru leyti eftir ákvæðum B-liðs 69. gr., eftir því sem við getur átt, þó þannig að honum skal ráðstafa til greiðslu á álögðum tekjuskatti 1988 sem ekki verður felld niður innheimta á, sbr. 2. gr. laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, síðan eignarskatti og öðrum þinggjöldum.

Ákvæði 7. tölul. 28. gr. eiga við um vaxtaafslátt samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði.

II

Sá sem eignast íbúð í fyrsta sinn á árunum 1985–1987 og uppfyllir að öðru leyti skilyrði B-liðs 69. gr. skal þrátt fyrir gildistökuákvæði laga þessara njóta húsnæðisbóta samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. með sama hætti og sá sem eignast sína fyrstu íbúð á árinu 1988.

III

Um innheimtu ógoldinna þinggjalda, sem á hafa verið lögð fyrir gildistöku laga þessara, skulu gilda ákvæði laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara. Sama á við um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts sem verður lagður á á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eignar í lok þess árs, sbr. ákvæði laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Thoroddsen.**

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.